

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og undirbúningsnefndar Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Samkomulag milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og undirbúningsnefndar Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, um stjórn starfsemi, meðal annars starfsemi eftir vottun, sem tengist alþjóðlegum vöktunarvirkjum viðvíkjandi samningnum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn, sem gert var í Vín 13. október 2005, öðlaðist gildi 26. janúar 2006.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 31. janúar 2006.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG

milli

ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands

og undirbúningsnefndar Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn

um stjórn starfsemi, meðal annars starfsemi eftir vottun, sem tengist alþjóðlegum vöktunarvirkjum viðvíkjandi samningnum um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands („Ísland“) og undirbúningsnefnd Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn („nefndin“), hér á eftir nefndar „aðilar“, hafa, í samræmi við b-lið 12. mgr. textans sem fjallar um stofnun nefndarinnar og er viðauki við ályktunina um stofnun undirbúningsnefndar Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og sem samþykktur var á fundi undirritunarríkja samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn („samningsins“) hinn 19. nóvember 1996 í New York og í því augnamiði að greiða fyrir starfsemi nefndarinnar, sem lýtur að: a) því að annast um skráningu starfandi vöktunarvirkja („vöktunarvirkja“), b) framkvæmd vettvangskönnunar, c) endurbótum á vöktunarvirkjum eða uppsetningu þeirra og/eða d) vottun þess að vöktunarvirki uppfylli ákvæði staðla alþjóðavöktunarkerfisins („IMS“), og í því augnamiði að greiða fyrir áframhaldandi prófunum á alþjóðavöktunarkerfinu, tímabundinni starfrækslu þess, eftir þörfum, og viðhaldi til þess að samningurinn skili sem mestum árangri, gert með sér eftirfarandi samkomulag samkvæmt ákvæðum samningsins, einkum I. til IV. gr. hans og I. hluta bókunarinnar:

1. gr.

Ísland og nefndin skulu starfa saman að því að auðvelda framkvæmd ákvæða samkomulags þessa. Starfsemi, sem nefndin mun standa að á Íslandi eða verður þar í umboði hennar, er eða verður tilgreind í viðbæti eða viðbætum við samkomulag þetta. Aðilum er heimilt að auka við viðbætum eða ógilda þá eftir þörfum með gagnkvæmu samkomulagi þar um.

2. gr.

Starfsemin, sem mun fara fram í umboði nefndarinnar samkvæmt ákvæðum samkomulags þessa, skal vera í samræmi við skilmála og skilyrði samnings eða samninga sem nefndin gerir í samræmi við ákvæði fjárhagsreglugerða sinna.

3. gr.

Sé til þess ætlast að nefndin standi að starfsemi samkvæmt ákvæðum samkomulags þessa skal stýra starfseminni starfshópur nefndarinnar, sem starfsmenn tilnefndir af nefndinni, að höfðu samráði við Ísland, mynda. Íslandi ber réttur til að hafna tilteknum meðlimum starfshóps nefndarinnar og ríkir sá skilningur að nefndinni beri réttur til að gera tillögur um nýja meðlimi starfshóps í stað þeirra sem er hafnað. Nefndin skal tilnefna hópstjóra fyrir sérhverja starfsemi sem hún stendur að og Ísland framkvæmdafulltrúa sem skal vera tengiliður milli nefndarinnar og Íslands.

4. gr.

Hópstjóri nefndarinnar og framkvæmdafulltrúinn skulu bera saman ráð sín eigi síðar en 14 dögum áður en starfshópur nefndarinnar er vætanlegur til komustaðar í því skyni að greiða fyrir stjórnun þeirrar starfsemi sem mun fara fram í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, þar á meðal samráð um tækjabúnað sem starfshópur nefndarinnar hyggst flytja til Íslands vegna starfseminnar. Slíkur tækjabúnaður ætti, að því er varðar starfsemi eftir vottun, að vera í samræmi við viðeigandi rekstrarhandbækur alþjóðavöktunarkerfisins, sem nefndin kemur sér saman um, með fyrirvara um ákvæði h-liðar 26. mgr. II. gr. samningsins. Jafnhliða því að fyrirnefnt samráð fer fram skal Ísland tilkynna nefndinni um þá komu- og brottfararstaði sem starfshópur nefndarinnar mun fara um, ásamt tækjabúnaði, inn á og út af íslensku landsvæði.

5. gr.

Þegar samráð, er um getur í 4. gr., fer fram skal Ísland tilkynna nefndinni um hvaða upplýsingar Ísland þarfnast til þess að unnt sé að gefa út skjöl sem gera starfshópi nefndarinnar kleift að koma inn á og dvelja á íslensku landsvæði í því skyni að stunda starfsemi í samræmi við viðeigandi rekstrarhandbækur alþjóðavöktunarkerfisins sem nefndin kemur sér saman um, með fyrirvara um ákvæði h-liðar 26. mgr. II. gr. samningsins, og tilgreindar eru í viðbæti eða viðbætum við samkomulag þetta. Nefndin skal láta Íslandi fyrirnefndar upplýsingar í té eins fljótt og aðstæður leyfa eftir að samráði lýkur. Starfshópi nefndarinnar ber réttur til að koma inn á íslenskt landsvæði og dvelja þar, í samræmi við viðeigandi íslensk lög og reglur, eins lengi og nauðsynlegt er til þess að stunda þá starfsemi er um ræðir. Ísland skal veita eða endurnýja viðeigandi vegabréfsáritanir, með eins skjótum hætti og aðstæður leyfa, sé gerð krafa um slíkar áritanir fyrir meðlimi starfshóps nefndarinnar.

6. gr.

Starfsemi starfshóps nefndarinnar samkvæmt ákvæðum samkomulags þessa skal skipuleggja í samráði við Ísland í því skyni að tryggja, eftir því sem frekast er unnt, að hann geti sinnt hlutverkum sínum tímanlega og með skilvirkum hætti og með sem minnstu óhagræði fyrir Ísland og raski á starfsemi sérhvers virkis eða á sérhverju svæði þar sem starfshópur nefndarinnar mun stunda starfsemi sína.

7. gr.

Ísland skal veita meðlimum starfshóps nefndarinnar, sem eru staddir á landsvæði þess, vernd og þægindi sem kunna að vera nauðsynleg til þess að tryggja öryggi og velsæld sérhvers meðlims starfshóps nefndarinnar. Ákvæði samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna gilda, að breyttu breytanda, um starfsemi nefndarinnar, embættismenn hennar og sérfræðinga þegar ákvæði samkomulags þessa koma til framkvæmda.

8. gr.

Ísland skal kosta kapps um að tryggja að staðbundnar stofnanir gangi til samstarfs við starfshóp nefndarinnar um þá starfsemi sem hann stundar. Nefndin skal gera allar eðlilegar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja að framkvæmdafulltrúi Íslands sé upplýstur um framvindu eða þróun með tilliti til prófana, tímabundinnar starfrækslu, eftir þörfum, og viðhalds.

9. gr.

Ísland og nefndin skulu taka saman skrá fyrirfram um tækjabúnað sem starfshópur nefndarinnar mun flytja til Íslands. Ísland á rétt á að skoða tækjabúnað, sem starfshópur nefndarinnar flytur til Íslands eftir því sem er ákveðið þegar efnt er til samráðs skv. 4. gr., til þess að ganga úr skugga um að hann sé nauðsynlegur og við hæfi til þess að sú starfsemi sem starfshópur nefndarinnar mun annast um geti farið fram. Ísland skal framkvæma fyrrnefnda skoðun að hópstjóra nefndarinnar fjarstöddum, nema hópstjórinn tiltaki að nærvera hans sé nauðsynleg. Hópstjóri nefndarinnar skal auðkenna sérstaklega hluta tækjabúnaðar, sem þarfnast sérmeðhöndlunar eða -geymslu af öryggisástæðum, og ber að gera framkvæmdafulltrúanum viðvart um þá áður en starfshópur nefndarinnar er væntanlegur til komustaðar. Ísland skal tryggja að starfshópur nefndarinnar geti geymt tækjabúnað sinn á vinnuvæðri þar sem tryggja má öryggi slíks búnaðar. Framkvæmdafulltrúinn skal aðstoða starfshóp nefndarinnar við að hlíta íslenskum fyrirmælum og reglum um flutning fyrrnefnds tækjabúnaðar til Íslands og, eftir atvikum, útflutning hans frá Íslandi, í því skyni að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar tafir á flutningi tækjabúnaðarins.

10. gr.

Tækjabúnaður sá og aðrar eigur nefndarinnar sem eru flutt til Íslands samkomulagi þessu til framkvæmdar skulu undanþegin tollum. Framkvæmdafulltrúinn skal greiða fyrir tollafgreiðslu sérhvers slíks tækjabúnaðar eða eigna. Eignarhald yfir sérhverjum tækjabúnaði, sem nefndin flytur til Íslands og setja skal upp til frambúðar í vöktunarvirkjum í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, skal flytjast til Íslands strax við komu hans inn í íslenska lögsögu. Eignarhald yfir sérhverjum tækjabúnaði, sem nefndin kaupir á Íslandi og setja skal upp til frambúðar í vöktunarvirkjum í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, skal flytjast til Íslands strax að kaupum loknum.

11. gr.

Nefndin, eignir hennar, tekjur og aðrar eigur skulu undanþegin öllum beinum sköttum á Íslandi. Ísland skal gera viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir til þess að fella niður eða endurgreiða alla tolla eða skatta sem eru hluti af því verði sem nefndin greiðir þegar kaup fara fram eða þegar hún semur um þjónustuviðskipti samkvæmt ákvæðum samkomulags þessa.

12. gr.

Hvor aðili sem er skal gera gögn og allar opinberar skýrslur, sam hann tekur saman með tilliti til þeirrar starfsemi sem er stunduð í samræmi við ákvæði samkomulags þessa, aðgengileg hinum aðilanum.

13. gr.

Starfsemi eftir vottun skal hefjast, að því er varðar samkomulag þetta, að eftirfarandi tveimur kröfum uppfylltum:

- i. þegar nefndin hefur vottað vöktunarvirkið í samræmi við viðeigandi vottunarhandbækur eða -aðferðir;
- ii. þegar nefndin hefur samþykkt fjárhagsáætlunina, m.a. ítarlegar fjárhagsráðstafanir, ef um þær er að ræða, vegna starfrækslu og viðhalds vöktunarvirkisins.

14. gr.

Að því er varðar starfsemi eftir vottun:

- i. skal Ísland einnig prófa vöktunarvirki, starfrækja þau tímabundið, eftir þörfum, og halda þeim við í samræmi við verklagsreglur og samkomulag, sem aðilarnir ganga frá sín á milli, og skal nefndin bera kostnað af því skv. 19. til 21. mgr. IV. gr. samningsins

- og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir nefndarinnar um fjárveitingar. Fyrirnefndar verklagsreglur og samkomulag ættu, til þess að tryggt sé að Alþjóðagagnamiðstöðinni (IDC) berist gagnvönduð og áreiðanleg gögn, að samsvara rekstrarhandbókum alþjóðavöktunarkerfisins eins og nefndin samþykkir þær með fyrirvara um ákvæði h-liðar 26. mgr. II. gr. samningsins;
- ii. skal Ísland afhenda allan viðeigandi búnað og tæki, samkvæmt rekstrarhandbókum alþjóðavöktunarkerfisins eins og nefndin samþykkir þær með fyrirvara um ákvæði h-liðar 26. mgr. II. gr. samningsins, til þess að unnt sé að prófa vöktunarkerfin, starfrækja þau tímabundið, eftir þörfum, og halda þeim við, í samræmi við viðeigandi íslensk lög og reglugerðir, og skal nefndin bera kostnað af því skv. 19. til 21. mgr. IV. gr. samningsins og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir nefndarinnar um fjárveitingar;
 - iii. skal Ísland tryggja að viðeigandi tíðni sé úthlutað, samkvæmt beiðni og í samræmi við innlend lög, reglugerðir og skipulag fyrir tíðninotkun, vegna nauðsynlegra tengla fyrir samskipti;
 - iv. skal Ísland senda Alþjóðagagnamiðstöðinni gögn, sem sérhvert vöktunarkerfi skráir eða aflar, með því að nota það snið og þær samskiptareglur sem greint verður frá í rekstrarhandbók fyrir hlutaðeigandi vöktunarkerfi. Fyrirnefndur gagnaflutningur skal vera með eins beinum og kostnaðarhagkvæmum hætti og vól er á, beint frá hlutaðeigandi vöktunarkerfi. Íslensk stjórnvöld eða lögbær yfirvöld íslensk skulu hvorki leggja á gjöld né aðrar kvaðir vegna gagnasendinga til nefndarinnar, nema um sé að ræða gjöld, sem tengjast beint kostnaði samfara því að veitt er þjónusta, og skulu slík gjöld eigi vera hærrí en lægstu taxtar sem gilda fyrir stjórnarstofnanir á Íslandi;
 - v. skulu sýni frá vöktunarkerfjum, sem mæla geislavirkar kjarnategundir, flutt, að fram kominni beiðni nefndarinnar, til þeirrar rannsóknarstofnu eða greiningarstöðvar sem nefndin tilgreinir. Ísland skal geyma gögn og sýni í minnst sjö daga með þeim hætti sem nefndin samþykkir;
 - vi. skal Ísland sífellt tryggja efnislegt öryggi vöktunarkerfjanna og tækjabúnaðar, sem tengist sérhverju vöktunarkerfi, m.a. gagnalína, tækjabúnaðar á vettvangi og nema, og skal kostnaður greiddur skv. 19. til 21. mgr. IV. gr. samningsins og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir nefndarinnar um fjárveitingar;
 - vii. skal Ísland tryggja að tækjabúnaður í sérhverju vöktunarkerfi sé kvarðaður í samræmi við rekstrarhandbækur alþjóðavöktunarkerfisins eins og nefndin samþykkti þær með fyrirvara um ákvæði h-liðar 26. mgr. II. gr. samningsins;
 - viii. skal Ísland tilkynna nefndinni um hvern þann vanda er upp kann að koma og upplýsa Alþjóðagagnamiðstöðina um eðli hans, jafnframt því að leggja fram matsgerð um hve langan tíma talið er að taki að leysa aðsteðjandi vanda. Ísland skal og tilkynna nefndinni um það þegar óvanalegur atburður verður sem hefur áhrif á gæði þeirra gagna sem verða til í sérhverju vöktunarkerfi;
 - ix. skal nefndin hafa samráð við Ísland um með hvaða hætti hún getur haft aðgang að vöktunarkerfi til að kanna ástand tækjabúnaðar og tengla fyrir samskipti og gert nauðsynlegar breytingar á tækjabúnaðinum og öðru verklagi við starfrækslu, nema Ísland axli þá ábyrgð að gera nauðsynlegar breytingar. Nefndin skal hafa aðgang að vöktunarkerfinu með fyrirnefndum hætti.

15. gr.

Ísland skal tryggja að starfslið, sem sinnir eftirliti í vöktunarkerfjum, svari, svo fljótt sem verða má, fyrirspurnum sem eru sprottnar úr nefndinni og varða prófanir og, eftir þörfum, tímabundna starfrækslu sérhvers vöktunarkerfis eða gagnaflutning til Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar. Fyrirnefnd svör skulu vera í þeirri mynd sem er lýst í rekstrarhandbók hlutaðeigandi vöktunarkerfis.

16. gr.

Fara skal með þagnarskyldu, að því er framkvæmd samkomulags þessa varðar, samkvæmt ákvæðum samningsins og viðeigandi ákvörðunum nefndarinnar.

17. gr.

Gera skal ráðstafanir vegna kostnaðar, sem hlýst af starfsemi samkomulagi þessu til framkvæmdar, í samræmi við viðeigandi ákvarðanir um fjárveitingar sem nefndin tekur. Kostnaði samfara prófunum á sérhverju vöktunarvirki, tímabundinni starfrækslu þess, eftir þörfum, og viðhaldi, þar með talið efnislegt öryggi, ef við á, beitingu samþykktra aðferða við að sanna uppruna gagna, flutningi sýna, eftir því sem við á, og flutningi gagna frá sérhverju vöktunarvirki til Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar skal sér í lagi mæta með þeim hætti er um getur í 19. til 21. mgr. IV. gr. samningsins og samkvæmt viðeigandi ákvörðunum um fjárveitingar sem nefndin tekur.

18. gr.

Að aflokinni þeirri starfsemi, hverri um sig, er um getur í viðbætinum eða viðbættunum skal nefndin veita Íslandi þá viðeigandi tækniástoð sem hún telur nauðsynlega til þess að sérhvert vöktunarvirki geti starfað rétt sem hluti af alþjóðavöktunarkerfinu. Nefndin skal einnig láta í té tækniástoð og stuðning vegna tímabundinnar starfrækslu sérhvers vöktunarvirkis, eftir þörfum, og viðhalds þess og tryggja viðeigandi samskiptaleiðir, ef Ísland fer fram á slíka ástoð og hún rúmast innan samþykktra fjárveitinga.

19. gr.

Verði ósamkomulag milli aðila eða rísi deila milli þeirra um framkvæmd samkomulags þessa skulu aðilar ráðgast sín á milli í því skyni að finna skjóta lausn á ósamkomulaginu eða deilunni.

20. gr.

Breytingar á samkomulagi þessu skulu gerðar með gagnkvæmu samþykki aðila. Aðilarnir geta gert með sér viðbótarsamkomulag, eftir því sem þeir telja nauðsynlegt og eru einhuga um.

21. gr.

Viðbættirinn eða viðbættarnir við samkomulag þetta eru óaðskiljanlegur hluti samkomulags þessa og sérhver vísun til samkomulags þessa er einnig vísun til viðbættisins eða viðbættanna. Ef ósamræmi er milli einhvers ákvæðis viðbættis og meginhluta samkomulags þessa skal ákvæði þess síðarnefnda gilda.

22. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þann dag þegar Ísland tilkynnir nefndinni um að meðferð þeirri sem er krafist samkvæmt landslögum fyrir gildistöku samkomulagsins sé lokið. Umræddur dagur skal vera viðtökudagur tilkynningarinnar. Samkomulag þetta gildir uns Ísland og Stofnun samningsins um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn hafa gengið frá nýju samkomulagi um vöktunarvirki.

Gjört í Vínarborg hinn 13. október 2005 í tvíriti á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands:

Sveinn Björnsson
sendiherra

Fyrir hönd undirbúningsnefndar
Stofnunar samningsins um allsherjarbann
við tilraunum með kjarnavopn:

Tibor Tóth
framkvæmdastjóri

VIÐBÆTIR
við samkomulag milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands
og undirbúningsnefndar Stofnunar samningsins um allsherjarbann við tilraunum með
kjarnavopn
um stjórn starfsemi, meðal annars starfsemi eftir vottun,
sem tengist alþjóðlegum vöktunarvirkjum viðvíkjandi samningnum
um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Vöktunarvirki alþjóðavöktunarkerfisins sem Ísland tekur við.

Nauðsyn kann að verða á einhverri eftirtalinna aðgerða, eða þeim öllum, í þeim alþjóðlegu vöktunarvirkjum sem eru tilgreind hér að aftan:

Skráningu
Vettvangskönnun
Uppsetningu
Uppfærslu
Prófun og matsgerð
Vottun
Starfsemi eftir vottun

1. Borgarnes **BORG**

Jarðskjálftastöð AS38 Gerð 3-C

2. Reykjavík

Stöð sem mælir geislavirkar kjarnategundir RN34

ARRANGEMENT**between****the Government of the Republic of Iceland****and the Preparatory Commission for the
Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization****on the Conduct of Activities,
Including Post-Certification Activities,
Relating to
International Monitoring Facilities
for the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty**

In accordance with paragraph 12(b) of the Text on the Establishment of a Preparatory Commission for the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization, as annexed to the Resolution establishing the Preparatory Commission for the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization (“the Commission”), adopted by the meeting of States Signatories of the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty (“CTBT”) on 19 November 1996 at New York, the Government of the Republic of Iceland (“Iceland”) and the Commission, hereinafter referred to as “the Parties”, with the goal of facilitating the activities of the Commission in: (a) conducting an inventory of existing monitoring facilities (“Facilities”); (b) conducting a site survey; (c) upgrading or establishing Facilities; and/or (d) certifying Facilities to International Monitoring System (“IMS”) standards, and with the goal of facilitating the continued testing, provisional operation, as necessary, and maintenance of the IMS in pursuit of the goal of an effective Treaty, have agreed, pursuant to the provisions of the CTBT, in particular Articles I to IV and Part I of the Protocol, as follows:

Article 1

Iceland and the Commission shall cooperate to facilitate the implementation of the provisions of this Arrangement. The activities to be carried out by or on behalf of the Commission in Iceland are or will be set forth in the Appendix or Appendices to this Arrangement. Appendices may be added or removed from time to time by mutual agreement of the Parties.

Article 2

The activities to be carried out on behalf of the Commission pursuant to the provisions of this Arrangement shall be performed according to the terms and conditions of a contract or contracts awarded by the Commission in accordance with the provisions of the Financial Regulations of the Commission.

Article 3

Where activities pursuant to the provisions of this Arrangement are to be carried out by the Commission, the activities shall be conducted by the Commission Team, which shall consist of the personnel that shall, after consultations with Iceland, be designated by the Commission. Iceland shall be entitled to refuse particular Commission Team members on the understanding that the Commission will be entitled to propose new team members to replace them. For each activity carried out by the Commission, the Commission shall designate a Team Leader and Iceland shall designate an Executive Agent, who shall be the point of contact between the Commission and Iceland.

Article 4

No less than 14 days in advance of the proposed arrival of the Commission Team at the point of entry, the Commission Team Leader and the Executive Agent shall consult for the purpose of facilitating the conduct of the activities that will be undertaken in accordance with the provisions of this Arrangement, including consultations regarding the equipment to be brought into Iceland by the Commission Team for carrying out the activities. For post-certification activities, such equipment should be in accordance with the relevant IMS Operational Manuals adopted by the Commission without prejudice to Article II, paragraph 26(h), of the CTBT. In the course of these consultations, Iceland shall inform the Commission of the points of entry and exit through which the Commission Team and equipment will enter and exit the territory of Iceland.

Article 5

During the consultations noted in Article 4, Iceland shall inform the Commission of information required for Iceland to issue documents to enable the Commission Team to enter and remain on the territory of Iceland for the purpose of carrying out activities consistent with the relevant IMS Operational Manuals adopted by the Commission without prejudice to Article II, paragraph 26(h), of the CTBT and set forth in the Appendix or Appendices to this Arrangement. The Commission shall provide that information to Iceland as soon as possible after the conclusion of those consultations. In accordance with the relevant laws and regulations of Iceland, the Commission Team shall be entitled to enter the territory of Iceland and remain there for the period of time necessary to carry out such activities. Iceland shall grant or renew as quickly as possible appropriate visas where required for members of the Commission Team.

Article 6

The activities of the Commission Team pursuant to the provisions of this Arrangement shall be arranged in cooperation with Iceland so as to ensure, to the greatest degree possible, the timely and effective discharge of its functions, and the least possible inconvenience to Iceland and disturbance to any facility or area at which the Commission Team will carry out its activities.

Article 7

Iceland shall accord members of the Commission Team present on its territory such protection and amenities as may be necessary to ensure the safety and well-being of each member of the Commission Team. The provisions of the Convention on the Privileges and Immunities of the United Nations shall apply, *mutatis mutandis*, to the activities of the Commission, its officials and experts, in implementing the provisions of this Arrangement.

Article 8

Iceland shall make all reasonable efforts to ensure that local entities cooperate with the activities undertaken by the Commission Team. The Commission shall take all reasonable steps necessary to ensure that the Executive Agent of Iceland is kept informed of progress or developments in relation to testing, provisional operating, as necessary, and maintenance activities.

Article 9

Iceland and the Commission shall prepare in advance a list of equipment to be brought into Iceland by the Commission Team. Iceland shall have the right to conduct an inspection of equipment brought into Iceland by the Commission Team as specified during the consultations noted in Article 4, in order to ensure that such equipment is necessary and appropriate for carrying out the activities to be performed by the Commission Team. Iceland shall conduct such an inspection without the presence of the Commission Team Leader, unless the Commission Team Leader decides that his or her presence is necessary. Items of equipment that require special handling or storage for safety purposes shall be so designated by the Commission Team Leader and communicated to the Executive Agent prior to the arrival of the Commission Team at the point of entry. Iceland shall ensure that the Commission Team can store its equipment in a securable workspace. In order to prevent undue delays in transporting equipment, the Executive Agent shall assist the

Commission Team in meeting the internal rules and regulations of Iceland for importing such equipment into Iceland and, where appropriate, exporting such equipment out of Iceland.

Article 10

The equipment and other property of the Commission brought into Iceland in order to implement the provisions of this Arrangement shall be exempt from customs duties. The Executive Agent shall facilitate the customs clearance of any such equipment or property. Title to any equipment transferred by the Commission to Iceland for permanent installation in Facilities in accordance with the provisions of this Arrangement shall immediately pass to Iceland upon its entry into the jurisdiction of Iceland. Title to any equipment purchased by the Commission in Iceland for permanent installation in Facilities in accordance with the provisions of this Arrangement shall pass to Iceland upon purchase.

Article 11

The Commission, its assets, income and other property shall be exempt from all direct taxes in Iceland. Iceland shall make appropriate administrative arrangements for the remission or return of any duty or tax which forms part of the price paid by the Commission in making purchases and in contracting for services pursuant to the provisions of this Arrangement.

Article 12

Any data and any official reports prepared by either Party with respect to the activities undertaken in accordance with the provisions of this Arrangement shall be made available to the other Party.

Article 13

For the purposes of this Arrangement, post-certification activities for a Facility shall commence upon completion of the following two requirements:

- (i) Certification of the Facility by the Commission in accordance with relevant certification manuals or procedures;
- (ii) Adoption of the budget, including detailed financial arrangements, if any, for the operation and maintenance of the Facility by the Commission.

Article 14

For post-certification activities:

- (i) Facilities shall also be tested, provisionally operated, as necessary, and maintained by Iceland in accordance with procedures and arrangements agreed on between the Parties, with costs to be met by the Commission in accordance with Article IV, paragraphs 19-21, of the CTBT and relevant budgetary decisions of the Commission. In order to ensure that the International Data Centre (IDC) receives high quality data with a high degree of reliability, these procedures and arrangements should be consistent with IMS Operational Manuals as adopted by the Commission without prejudice to Article II, paragraph 26(h), of the CTBT.
- (ii) Iceland shall provide all appropriate utilities, consistent with IMS Operational Manuals as adopted by the Commission without prejudice to Article II, paragraph 26(h), of the CTBT, for the testing, provisional operation, as necessary, and maintenance of the Facilities, in accordance with relevant laws and regulations in Iceland, with costs to be met by the Commission in accordance with Article IV, paragraphs 19-21, of the CTBT and relevant budgetary decisions of the Commission.
- (iii) Iceland shall ensure that, upon request, suitable frequencies required for the necessary communications links are made available in accordance with national laws, regulations and the national frequency usage plan.
- (iv) Iceland shall transmit data recorded or acquired by any Facility to the IDC using the formats and protocols to be specified in the operational manual of the Facility. Such

transmission of data shall be by the most direct and cost efficient means available directly from the relevant Facility. All communications of data to the Commission shall be free of fees and any other charges of the Government or any competent authority in Iceland, except for charges directly related to the cost of providing a service, which shall not exceed the lowest rates accorded to governmental agencies in Iceland.

- (v) When requested by the Commission, samples from radionuclide monitoring Facilities shall be transmitted to the laboratory or analytical Facility specified by the Commission. Iceland shall store data and samples for at least 7 days, as approved by the Commission.
- (vi) Iceland shall maintain physical security of the Facilities and equipment associated with any Facility, including data lines, field equipment and sensors, with costs allocated in accordance with Article IV, paragraphs 19-21 of the CTBT and relevant budgetary decisions of the Commission.
- (vii) Iceland shall ensure that the instruments at any Facility are calibrated in accordance with IMS Operational Manuals as adopted by the Commission without prejudice to Article II, paragraph 26(h), of the CTBT.
- (viii) Iceland shall notify the Commission when a problem occurs, informing the IDC of the nature of the problem and providing an estimate of the expected time required to fix the problem. Iceland shall also notify the Commission when an abnormal event occurs that affects the quality of the data originating from any Facility.
- (ix) The Commission shall consult with Iceland on procedures for the Commission to access a Facility for checking equipment and communications links, and to make necessary changes in the equipment and other operational procedures, unless Iceland takes responsibility for making the necessary changes. The Commission shall have access to the Facility in accordance with such procedures.

Article 15

Iceland shall ensure that its Facility monitoring staff respond as soon as practicable to enquiries originating from the Commission and which are related to the testing and provisional operation, as necessary, of any Facility or to the transmission of data to the IDC. These responses shall be made in the format specified in the operational manual of the relevant Facility.

Article 16

Confidentiality regarding the implementation of this Arrangement shall be dealt with in accordance with the CTBT and the relevant decisions of the Commission.

Article 17

The costs for the activities to implement this Arrangement shall be arranged in accordance with relevant budgetary decisions adopted by the Commission. In particular, the costs associated with the testing, provisional operation, as necessary, and maintenance of any Facility, including physical security, if appropriate, the application of agreed data authentication procedures, the transmission of samples where appropriate, and the transmission of data from any Facility to the IDC shall be met as set forth in Article IV, paragraphs 19-21, of the CTBT and in accordance with relevant budgetary decisions of the Commission.

Article 18

Following completion of each of the activities set forth in the Appendix or Appendices, the Commission shall provide Iceland with such appropriate technical assistance as the Commission deems necessary for the proper functioning of any Facility as part of the IMS. The Commission shall also provide technical assistance in, and support for, the provisional operation, as necessary, and maintenance of any Facility and respective communication means, where such assistance is requested by Iceland and within approved budgetary resources.

Article 19

In the case of any disagreement or dispute arising between the Parties relating to the implementation of this Arrangement, the Parties shall consult with a view to the expeditious settlement of the disagreement or dispute.

Article 20

Changes to this Arrangement shall be made by agreement of the Parties. The Parties may enter into supplemental Arrangements as they mutually determine to be necessary.

Article 21

The Appendix or Appendices to this Arrangement form an integral part of the Arrangement and any reference to this Arrangement includes a reference to the Appendix or Appendices. In the event that there is an inconsistency between any provision in an Appendix and in the body of this Arrangement, the latter provision prevails.

Article 22

This Arrangement shall enter into force on the date on which Iceland informs the Commission that the national requirements for such entry into force have been fulfilled. The relevant date shall be the day on which the communication is received. This Arrangement shall remain in force until conclusion of a new Facility Arrangement between Iceland and the Comprehensive Nuclear-Test-Ban Treaty Organization.

Done at Vienna on the 13th day of October 2005, in duplicate in the English language.

For the Government of the
Republic of Iceland:

For the Preparatory Commission
for the Comprehensive Nuclear-Test-
Ban Treaty Organization:

Sveinn Björnsson
Ambassador Extraordinary
and Plenipotentiary

Tibor Tóth
Executive Secretary

